

## Fræðslubættir frá Geðhjálp:

# ATVINNUMÁL

— eftir Sigurrós Sigurðardóttur

### Hvers vegna vinna?

I nútíma þjóðfélagi þar sem mikil áhersla er lögð á afköst og efnahagslega afkomu er vinnan bæði eftirsótt og nauðsyn fyrir okkur flest. Hún er svo snar þáttur í lífi okkar að við tökum hana sem gefinn hlut. Vinnan veitir okkur einnig ákveðna stöðu í samfélaginu. Við könumst sennilega öll við spurningar eins og: Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór? Hvað gerir þabbi þinn? Hvað gerir þú? Út frá svörum skiptum við fólki í ákveðna hópa. Það getur vafast fyrir þeim sem lengi hefur verið á geðsjúkra-húsi að svara síðastnefndu spurningu. Við það hef ég orðið vör í starfi mínu. Í mörgum tilvikum vita fáir utan þeirra nánustu um að upp komist og hvað muni þá gerast. Þessi kvíði er ekki að öllu ástæðulaus þó breyting hafi orðið á viðhorfum til geðsjúkra á síðustu árum.

Í könnun sem gerð var á vinnugetu og atvinnuöguleikum öryrkja í Reykjavík (1980) kom fram að mikilvægi vinnunnar fyrir manninn felst í fleiru en tekjunum einum. Það kemur til dæmis fram

að tilfinningin um að vera til gagns, samvera við annað fólk og að vera sjálfstæður og öðrum óháður er ekki síður þýðingarmikil.

Það má segja að um leið og við litum á vinnu sem eðlilegan þátt í því samfélagi sem við búum í hafi hún einnig gildi sem meðferð. Hún eflir vitund einstaklingsins um að hann sé einhvers virði. Það er því mikilvægt að vel takist til um starfsval og starfsþjálfun.

### Starfsval/ þjálfun

Starfsval og þjálfun verður æ erfðari fyrir hvern þann sem er að hefja störf í fyrsta sinn eða hefur verið fjarverandi frá vinnu-markaði lengi. Órar tæknibreytingar leiða oft til þess að störf leggjast niður eða aðstæður á vinnustað breytast. Það krefst þjálfunar til nýrra starfa og/ eða aðlögunar að breyttum aðstæðum. Þetta reynist flestum erfitt en vandamál og hindranir eru enn meiri fyrir þá sem átt hafa við langvarandi geðrænan vanda að stríða. Ef starfsþjálfun á að bera árangur fyrir þá einstaklinga sem hafa búið við slíkar aðstæður, verður að vanda vel til undirbúnings.

Hugmyndafræðin að baki endurhæfingu/ hæfingu er að þjálfa á ný hæfni einstaklingsins og gera honum kleift að beita henni til hins ýtrasta. Nákvæm greining á þeirri hæfni er lykillinn að því þróunarmi sem starfsþjálfun byggir á. Mikilvægt er að litid sé á

starfsþjálfun og aðstoð við starfsval sem hluta af endurhæfingarkeðjunni.

Sú starfsþjálfun sem fram fer á geðeildum Ríkisspítalanna miðar fyrst og fremst að því að þjálfa almennar vinnuvenjur (t.d. mætingar, úthald og samskipti við vinnufélaga) en ekki að því að þjálfa viðkomandi í ákveðið starf. Margir geðsjúklingar hafa aldrei náð að þróa vinnuvenjur og aðrir þurfa að þjálfa þær að nýju. Slík þjálfun er því mjög nauðsynleg fyrir þá til að geta stundað vinnu reglulega.

Leggja þarf mikla áherslu á aðstoð við starfsval því frumskilyrði þess að skjólstæðingur nái fót-festu á almennum vinnu-markaði er að hann hafi áhuga á því starfi sem hann fær og getu til að leysa það af hendi. Mikilvægt er að þessi stuðningur komi sem fyrst til þess að starfsþjálfunin nýtist sem best.

En til þess að raunhæfur árangur náist er ekki nægjanlegt að þjálfa hæfni einstaklingsins, aukinn stuðningur samfélagsins þarf einnig að koma til. Úrræði utan stofnunar þurfa að vera fleiri svo skrefin þaðan styttest, en með því aukast líkurnar á að endurhæfingin nýtist viðkomandi og dvalin út á vinnu-markaðnum lengist. Þeir sem búa við skerta starfsorku, hvort sem hún er af geðrænum eða líkamlegum orsökum, þurfa annars vegar að hafa aðgang að fjölbreyttum störfum á almennum vinnu-markaði og hins vegar verndadri vinnu, því fyrir hluta þeirra er það eina lausnin.



Sigurrós Sigurðardóttir

„Leggja þarf mikla áherslu á aðstoð við starfsval því frumskilyrði þess að skjólstæðingur nái fót-festu á almennum vinnu-markaði er að hann hafi áhuga á því starfi sem hann fær og getu til að leysa það af hendi.“

### Fræðsla og atvinnuleit

Margt er og hefur verið gert vel í þjálfun og atvinnu-málum fólks með skerta starfsorku, en betur má ef duga skal, þar sem vinnan er jafn stór hluti af lífi hvers einstaklings og raun ber vitni.

Síðastliðið vor var ég á ferð um England á vegum Evrópuráðsins til að kynna mér atvinnu-mál fatlaðs fólks og þá þjónustu sem það á rétt á þar. Mjög fróðlegt var að heyra og sjá hvernig Bretar vinna að þessum málum. Löggin sem þeir byggja þjónustu sína á, hafa verið óbreytt frá því 1944.

Undanfarið hafa verið miklar umræður um þessa þjónustu og á síðastliðnu ári voru gerðar breytingar innan ramma þessara laga og eru þær margar mjög athyglisverðar.

Í Englandi, eins og hér, er sérstök deild innan almennrar vinnu-míðlunar, sem fæst við atvinnu-mál fatlaðra. Hlutverk þess fulltrúa sem fer með þau mál þar, hefur verið mjög viðfæmt, en því er nú verið að breyta. Eitt af því sem hann hefur haft með höndum er atvinnuleit. Frá því á síðastliðnu ári hefur það hlutverk verið í höndum starfshópa og hafa sextíu slíkir þegar verið myndaðir. Hlutverk þessara starfshópa er atvinnuleit, en þó fyrst og fremst að fræða atvinnurekendur og annað starfsfólk stofnana. Miklar vonir eru bundnar við starf þessara hópa.

Þá er og mikilvægt að koma á námskeiðum fyrir þá sem lengi hafa verið án vinnu (bæði þá sem eru með skerta starfsorku og þá sem eru bundnar við almenna vinnu-míðun sem þarf að efla.

### Vernduð vinna

Bretar hafa gert sérstakar áætlanir til að auðvelda fólki með skerta starfsorku leið út á almennan vinnu-markað. Ein þeirra, sem gefið hefur góða raun, felst í því að atvinnurekendur er greitt fyrir að veita fólkuðum einstaklingi tækifæri til að prófa getu sína við starf, sem fulltrúi fatlaðra tel-

ur hann hæfan til að vinna. Reynslutíminn er sex vikur en hann er hægt að framlengja í þrettán vikur. Atvinnurekandinn er á engan hátt skuldbundinn til að ráða viðkomandi að reynslutíma loknum. Raunin hefur þó orðið sú í 60–70% tilvika.

Verndaðir hópar á almennum vinnu-markaði hafa verið í Englandi í meira en 20 ár. Þessir hópar hafa lengst af ekki verið fleiri en 100–200, en á síðastliðnum fjórum árum hefur orðið breyting á. Áhersla á þessa lausn hefur aukist og hópunum fjölgað í 650. Hugmyndin er að þeir verði orðnir 2500 árið 1989. Ástæðan fyrir aukinni áherslu á þetta úrræði er ekki síst sú að það er helmingi ódýrara á mann en ef komið væri upp vernduðum vinnustað. Atvinnurekendur virðast vera fúsir til samvinnu.

Þeir fá ákveðnar greiðslur en láta í staðinn verkefni og vinnu-stað. Hér gætu lögin um öryrkjavinnu komið að gagni bæði varðandi þjálfunina og vinnuhópana, en til þess að svo verði þurfa þau starfsfólk stofnana. Miklar vonir eru að vera sveigjanlegri en þau eru nú.

Þó verndaðir vinnustaðir séu dýrir má ekki gleyma því að ákveðinn hópur getur ekki nýtt sér annað úrræði. Þessir staðir verða því að vera fyrir hendi, bæði varðaðra. Slík fræðsla gæti verið í timabundnir.

Einn af þeim vernduðu vinnu-stöðum sem ég heimsótti í Eng-

landi var rekinn af einkaaðilum með stuðningi frá því opinbera. Þetta var lítill vinnustaður. Hann sótti að meðaltali 12 manns á dag, en alls um 50 notuðu staðinn mána-

adarlega. Hægt var að koma og vera hluta úr degi, einn dag, tvo daga í viku eða bara eftir því sem

gera við húsgögn sem komið var með til viðgerðar og hins vegar að gera upp gömul húsgögn, sem keypt voru eða gefin. Hver einstaklingur tók að sér ákveðið verkefni, sem enginn annar, að verkstjóra undanskildum, kom nálegt. Ef um viðgerð var að ræða komu launin um leið og verkefnið var sótt. Ef verið var að gera upp húsgögn komu launin þegar hluturinn seldist (sýningargluggi á staðnum). Ferðir á milli voru greiddar fyrir alla og hægt var að fá snari hádeginu. Andrámsloftið á þessum vinnustað var ákaflega nota-

### Starf við hæfi

Hér að framan hafa verið nefnd nokkur þýðingarmikil atriði, atriði sem geta stuðlað að því að geðsjúklingar sem aðrir með skerta starfsorku flendist á vinnu-markaðinum.

Ef tekst: að koma á fræðslu fyrir atvinnurekendur, að koma á námskeiðum fyrir þá sem hafa verið lengi án vinnu, að auka skipulega atvinnuleit,

að fá aðgang að vinnuþjálfun og verndaðri vinnu á almennum vinnu-markaði,

að koma upp varanlegum vernduðum vinnustöðum, þá erum við vel á vegi stóðd með að ná því marki, að allir fatlaðir hafi annars vegar aðgang að fjölbreyttum störfum á vinnu-markaðnum og hins vegar verndadri vinnu. Eg hef trú á því að þetta megi takast. Viðhorf manna gagnvart fólki með skerta vinnugetu hefur breyst svo mjög á síðustu árum. Starf við hæfi er eitt það besta sem þjóðfélagið getur fyrir það gert.